

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1913.

Konungsúrskurður um sjerstakan íslenskan fána, undirskrifaður af konungi 22. nóvember 1913 (A. nr. 68, bls. 199).

Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa Eydalaprestakalli. 1

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 17. f. m., hefir 10. febr. stjórnarráðið ákveðið að veita sóknarprestinum að Eydölum 500 kr. embættislán úr Kirkjujarðasjóði til þess að koma á vatnsleiðslu í íbúðarhús og fjós á prestssetrinu. Þó er áskilið, að bendingum landsverkfræðingsins um verk þetta, er hjermeð fylgja í eftirriti, sje nákvæmlega fylgt og verkið samviskusamlega af hendi leyst. Lánið veitist gegn 4% ársvöxtum og endurborgast á næstu 25 árum með 20 kr. afborgun á ári, og verður lánið ekki útborgað fyrir en verkið er fullgjört og kemur að tilætluðum notum, og skoðunargjörð liggur fyrir frá dómberum mönnum þarum.

Verði halla sogpipunnar ekki komið fyrir svo sem verkfræðingurinn segir fyrir um, verður, eins og þjer hafid bent á, að byggja hús yfir brunninn og þrýsta vatninu þaðan heim að húsi (sbr. Búnaðarrit XXII, bls. 98—99).

Vatnsleiðsla þessi öll, þarmed talin skýlisbygging yfir brunninn, ef til hennar kemur, verður eign prestakallsins, og ber presti að halda henni vel við, og skila henni á sínum tíma í góðu standi eða með fullu álagi.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um flutning þingstaðar. 2

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 3. f. m., og 17. febr. beiðni hreppsnefndarinnar í Eiðahreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Eyvindará að Breiðavaði, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um flutning þingstaðar. 3

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 1. þ. m., og 10. mars beiðni hreppsnefndarinnar í Stafholtstungnahreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð